



Borgarráð

Reykjavík, 20. maí 2025

MSS25030059

Tillögur að uppbyggingu leikskóla í Reykjavík

Lagt er til að borgarráð samþykki meðfylgjandi tillögur sem koma fram í meðfylgjandi skýrslu spretthóps borgarstjóra um leikskólauppbyggingu sem skipaður var í kjölfar samþykktar borgarráðs 20. mars 2025. Tillögununum er skipt upp í fjóra liði.

- Í lið A eru 9 tillögur um ný uppbyggingarverkefni sem gætu tryggt um 900 ný leikskólapláss.
- Í lið B eru tillögur um að hraðað verði verkefnum sem miða að stækkun starfandi borgarrekkinna leikskóla með nýjum færanlegum stofum með áherslu á að boðin verði út 3-4 verkefni í einu í tveimur áföngum sem bæta við um 164 nýjum leikskólaplássum.
- Í lið C eru lagðar fram ýmsar tillögur, m.a. almennar tillögur m.a. um stofnstyrki, betri nýtingu skóla- og frístundahúsnæðis í þágu leikskóla sem standa í framkvæmdum og hugmyndir um samstarf við íþróttafélög um stofnun hreystileikskóla. Þá er vikið að áformum skóla- og frístundasviðs um mikilvægar breytingar á reglum um leikskólastarf sem m.a. er ætlað að bæta stöðu mönnunar og starfsaðstæður í leikskólum borgarinnar en skipaður verður stýrihópur (spretthópur) til að útfæra þær hugmyndir nánar.
- Í lið D eru ekki beinar tillögur heldur veitt yfirsýn yfir öll þau verkefni sem eru á döfinni og munu fjölga plássum á næstu fimm árum, þar með talin þau verkefni sem þegar hafa verið samþykkt og sett í farveg á vegum stýrihópsins Brúum bilið. Alls er þar um að ræða 1987 ný leikskólapláss sem dreifast á hverfi borgarinnar eins og sýnt er í skýrslunni.

Jafnframt er lagt er til að næstu skref verði að vinna kostnaðarmat á tillögunum og vísa þeim í kjölfarið til undirbúnings fjárfestingaráætlunar til næstu fimm ára.

Heiða Björg Hilmissdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

Tillögur að uppbyggingu leikskóla í Reykjavík; Spretthópur um leikskólauppbyggingu, dags. maí 2025.



Reykjavík



Tillögur að uppbyggingu leikskóla í Reykjavík

Spretthópur um leikskólauppbyggingu

Maí 2025



Reykjavík



Efnisyfirlit

A – Ný uppbyggingarverkefni	3-4
B – Stækkun leikskóla með færanlegum stofum	5
C – Almennar tillögur	6-7
D – Uppbygging og endurheimt plássna eftir hverfum	8-18



Um vinnu spretthóps

Aðgerðaáætlunin Brúum bilið var samþykkt í borgarstjórn árið 2018 og felur í sér markvissa uppbygginga leikskólarýma í borginni með það fyrir augum að bjóða börnum frá 12 mánaða aldri í leikskóla borgarinnar. Á undanförunum árum hafa um 1200 ný leikskólarými verið opnuð með nýjum leikskólum, stækkunum starfandi leikskóla, fjölgun rýma hjá sjálfstætt starfandi leikskólum auk opnunar fjölda ungbarnadeilda í borgarreknunum leikskólum. Stýrihópur um Brúum bilið hefur starfað að stefnumótun og eftirfylgni verkefna með aðild kjörinna fulltrúa og starfsfólks skóla og frístundasviðs, umhverfis og skipulagssviðs og fjármála og áhættustýringarsviðs borgarinnar.

Borgarstjórn samþykkti 20. mars 2025 tillögu borgarstjóra um skipan spretthóps um leikskólauppbyggingu og var honum m.a. falið að yfirfara aðgerðaáætlun stýrihópsins Brúum bilið og koma með tillögur að nýjum verkefnum sem tengjast uppbyggingu nýrra leikskóla eða stækkun starfandi leikskóla, með áherslu á framkvæmdir sem ljúka mætti á næstu tveimur árum. Jafnframt var hópnum falið að rýna fyrirbyggjandi áætlanir um mönnun og viðhald leikskólamannvirkja og leggja fram tillögur til úrbóta í þeim efnum ef svo bæri við.

Spretthópin skipuðu borgarfulltrúarnir Dóra Björt Guðjónsdóttir, Helga Þórðardóttir, Sanna Magdalena Mörtudóttir og Skúli Helgason sem jafnframt var formaður hópsins. Hópurinn hélt alls 11 fundi á tímabilinu 25. mars til 12. maí og skilar hér niðurstöðum sínum.



A. Ný uppbyggingarverkefni

1. Nýr borgarrekinn leikskóli við Rafstöðvarveg

Gengið verði til samninga um byggingu nýs leikskóla við Rafstöðvarveg í Elliðaárdalnum. Leikskólinn verði 6 deilda fyrir ríflega 100 börn en möguleiki verði á stækkun hans í 10 deilda leikskóla fyrir 180-200 börn á komandi árum.

Verklok áætluð: vor 2026

2. Nýr leikskóli Félagsstofnunar stúdenta við Þorragötu

Stefnt er að því að Félagsstofnun stúdenta byggi og reki nýjan leikskóla fyrir börn stúdenta við Þorragötu í nágrenni stúdentagarða Félagsstofnunar stúdenta með góðar göngu- og hjólatengingar við stúdentagarðsvæðið við Eggertsgötu.

Stefnt er að því að leikskólinn verði 7 deilda fyrir um 120 börn.

Verklok áætluð: vor 2027

3. Nýr leikskóli Hjallastefnu við Nauthólsveg

Stefnt er að því að reisa nýtt framtíðarhúsnæði fyrir leik- og grunnskóla Hjallastefnunnar við Nauthólsveg, sem Hjallastefnan muni fjármagna og byggja í samvinnu við lóðarhafa og uppbyggingaraðila. Stefnt verði að því að leikskólinn geti hýst 180 börn. Stefnt er að því að börnum fjölgi um 15-20, þar af um 10 í núverandi húsnæði leikskólans í Skógarhlíð, strax í haust.

Verklok áætluð: Lok 2026/byrjun 2027

4. Nýtt húsnæði borgarrekna leikskólans Laugasólar í Laugardal

Lagt er til að reisa nýtt leikskólahúsnæði á lóð leikskólans Laugasól í Laugardal sem komi í stað húsnæðis Laugaborgar og Lækjaborgar sem ekki standast lengur kröfur um leikskólahúsnæði og þarf að rífa. Nýja húsnæðið rúmi 10 deilda leikskóla fyrir alls 180 börn sem feli í sér fjölgun barna um 60 frá núverandi rekstrarleyfi (eða 115 ef miðað er við núverandi fjölda barna í leikskólanum). Horft verði til þess að nýta samræmda hönnun í þessu verkefni og töluliðum 5-8.

Verklok áætluð: 2027

5. Nýr borgarrekinn Miðborgarleikskóli

Lagt er til að reisa nýtt leikskólahúsnæði á lóð við Njálsgötu þar sem gert hefur verið ráð fyrir framtíðarhúsnæði leikskólans Miðborgar. Stefnt verði að því að þar rísi 6-8 deilda leikskóli á þremur hæðum fyrir allt að 140 börn. Horft verði til þess að nýta samræmda hönnun í þessu verkefni og öðrum töluliðum 4-8.

Verklok áætluð: 2028



6. Nýtt húsnæði borgarrekna leikskólans Ægisborgar

Lagt er til að reisa nýtt leikskólahúsnæði á lóð leikskólans Ægisborgar sem komi í stað þeirra húsa sem fyrir eru á lóðinni. Stefnt verði að því að þar rísi 8-10 deilda leikskóli með 140-180 börnum, sem feli í sér fjölgun barna um 65-105 frá því sem nú er. Horft verði til þess að nýta samræmda hönnun í þessu verkefni og öðrum töluliðum 4-8.

Verklok áætluð: 2029

7. Nýr borgarrekinn leikskóli í Safamýri

Lagt er til að reisa nýtt leikskólahúsnæði á lóð fyrrum Safamýrarskóla sem undanfarin ár hefur verið nýttur sem bráðabirgðahúsnæði fyrir leikskóla í framkvæmdum. Stefnt verði að því að þar rísi 10 deilda leikskóli á 2 hæðum fyrir um 180 börn. Horft verði til þess að nýta samræmda hönnun í þessu verkefni og öðrum töluliðum 4-8.

Verklok áætluð: 2029

8. Nýtt húsnæði borgarrekna leikskólans Sunnuás í Laugardal

Lagt er til að reisa nýtt leikskólahúsnæði á lóð leikskólans Sunnuás í Laugardal sem geti hýst allt að 10 deilda leikskóla fyrir allt að 180 börn. Fjölgun barna verði um 80 miðað við núverandi barnafjölda. Horft verði til þess að nýta samræmda hönnun í þessu verkefni og töluliðum 4-7.

Verklok áætluð: 2030

9. Mögulegur leikskóli á Loftleiðareit við Hlíðarenda

Haldið verði áfram viðræðum við viðkomandi fasteignafélag um mögulegan leikskóla á Loftleiðareit við Hlíðarenda. Þar gæti komið nýr leikskóli með pláss fyrir 120-150 leikskólabörn mögulega samrekinn með grunnskóla.

Í samningum Reykjavíkurborgar við leigusala húsnæðis er gert ráð fyrir ákvæði um að vegna framkvæmda og annarrar umsýslu sem leigusali þarf að hlutast til um í tengslum við hið leigða hafi leigusali kynnt sér samþykktar stefnur og stefnumarkandi áætlanir sem Reykjavíkurborg hefur sett sér, þar með talið Græna planið sem er heildarstefna Reykjavíkurborgar til ársins 2030, og skuldbindur sig til að tryggja að þeim stefnum verði fylgt til hins ýtrasta. Að öðrum kosti geti komið til riftunar leigusamnings, enda hafi leigutaki veitt leigusala tækifæri til að bæta úr vanefnd.



B. Stækkun leikskóla með færanlegum stofum

Hraðað verði verkefnum sem miða að stækkun starfandi borgarrekinnna leikskóla með nýjum færanlegum stofum með áherslu á að boðin verði út 3-4 verkefni í einu í tveimur áföngum. Fyrirmynd að hönnun verði vel heppnuð viðbygging sem er nú við leikskólann Stakkaborg í Hlíðahverfi. Áhersla verður á að rýna frekar stækkunarmöguleika starfandi leikskóla á uppbyggingarsvæðum.

Tvær slíkar stofur eru í útboðsferli sem munu fara á lóð Seljaborgar. Þar að auki er á áætlun útboð fyrir fjórtán stofur sem munu fara á lóðir alls sex leikskóla. Það eru: Vesturborg, Hólaborg, Jörfi, Árborg, Grandaborg og Maríuborg. Stofurnar munu opna fyrir starfsemi á tímabilinu vor 2026 til fyrri hluta árs 2027.

Borgarráð samþykkti á fundi sínum 15. maí 2025 að auglýsa útboð fyrir umræddar stofur.



C. Almennar tillögur

1. Stofnstyrkir

Teknir verði upp stofnstyrkir til að hvetja til fjölgunar plássá á vegum sjálfstætt starfandi leikskóla. Styrkfjárhæðir verði háðar fjölda nýrra plássá með það að viðmiði að þeir geti orðið að hámarki 300 m. kr. fyrir nýjan leikskóla með um 120 ný pláss eða fleiri.

Skilyrði úthlutunar verði eftirfarandi:

- i. Styrkfjárhæð greiðist í áföngum eftir framvindu framkvæmda
- ii. Stefnt verði að forkaupsrétti borgarinnar á húsnæðinu
- iii. Borgin eigi kröfu um endurgreiðslu stofnstyrks ef uppbyggingu er hætt á framkvæmdatíma.
- iv. Styrkir miðist eingöngu við félög sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni.

Til greina kemur að vera með mismunandi útfærslur, s.s. stofnframlög í formi eiginfjár til byggingar, kaupa eða breytinga á húsnæði annars vegar og hins vegar stofnstyrki vegna nýframkvæmda, þjálfunar starfsfólks o.fl.

2. Aukin samnýting skóla- og frístundahúsnæðis innan hverfa í þágu leikskólastarfsemi

Lagt er til að samnýting skóla- og frístundahúsnæðis verði aukin og svigrúmið sem skapast meðal annars nýtt til að tryggja bráðabirgðahúsnæði fyrir leikskóla sem þurfa að flytja starfsemi sína annað vegna viðhalds- og endurbótaframkvæmda í húsnæði þeirra. Tilgangur verði að mæta þörfum barnafjölskyldna innan hverfa, nýta betur húsnæði borgarinnar og þjónusta börnin betur. Út frá greiningu um svigrúm fyrir fjölgun nemenda innan skóla verði lagt mat á hvaða skóla megi nýta fyrir leikskóla í framkvæmdum. Þannig má skapa meiri fyrirsjáanleika varðandi nýtingu skólahúsnæðis.

3. Hafinn verði undirbúningur að stofnun hreystileikskóla í samvinnu við íþróttafélög

Lagt er til að teknar verði upp viðræður við íþróttafélög sem hyggja á framkvæmdir um samstarf varðandi uppbyggingu leikskóla. Þar verði lögð áhersla á fjölbreytta hreyfingu og útivist leikskólabarnanna, með betri nýtingu íþróttamannvirkja í borginni fyrir yngstu kynslóðina.



4. Ný leikskólapláss verði nýtt til að taka á móti yngri börnum en ekki sem bráðabirgðahúsnæði fyrir eldri leikskóla í framkvæmdum

Sett verði aukin vinna í að útvega bráðabirgðahúsnæði fyrir leikskóla í framkvæmdum. Unnið verði samkvæmt þeirri meginreglu að ný leikskólapláss séu notuð til að taka á móti yngri börnum en ekki sem bráðabirgðahúsnæði fyrir eldri leikskóla í framkvæmdum.

5. Breytingar á reglum um leikskólastarf

Skóla- og frístundasvið hefur kynnt spretthópi hugmyndir starfshóps sviðsins að breytingum á reglum um leikskólastarf. Þeim hugmyndum er m.a. ætlað að bæta stöðu mönnunar leikskóla og starfsaðstæður starfsfólks sem og að draga verulega úr þörf fyrir faliðunaraðgerðir í leikskólum borgarinnar og auka þar með fyrirsjáanleika í lífi barnafjölskyldna. Spretthópurinn tekur undir mikilvægi þess að grípa til aðgerða sem fyrst sem styðji við mönnun leikskóla þar sem stillt verði upp mismunandi valkostum.

Þar verði m.a. horft til þess að samræma betur vinnutíma starfsfólks í leikskólum og grunnskólum, s.s. með auknu samræmi milli vinnuskyldu starfsfólks leik- og grunnskóla um jól og áramót, páska og í vetrarfríum. Sérstök áhersla verði lögð á gott samráð við foreldra, starfsfólk leikskóla og stjórnendur varðandi útfærslur aðgerða.

Borgarstjóri mun setja á fót nýjan stýrihóp í þessu skyni, sem vinnur áfram með framkomnar tillögur starfshópa skóla- og frístundasviðs, rýnir gjaldskrár leikskóla borgarinnar með breytingar í huga til að auka jöfnuð og leitar frekari leiða til að bæta starfsaðstæður í leikskólum, þar með talið hljóðvist.



D. Uppbygging og endurheimt plássa eftir hverfum

Hér má finna heildaryfirlit yfir verkefni í farvegi sem fjölga leikskólaplássum frá núverandi stöðu, raðað upp eftir hverfum. Þar er um að ræða bæði endurheimt plássa í kjölfar verkloka á viðhaldsvinnu, nýjar færanlegar einingar við leikskóla, stækkun leikskóla með viðbyggingum og svo nýjar byggingar.

Samhliða þessum fyrirhuguðu aðgerðum við að auka leikskólapláss, stendur einnig yfir veigamikil verkefni endurnýjunar- og viðhalds á leikskólum borgarinnar sem komnir eru á aldur og krefjast viðbragða vegna innivistarvanda og viðhaldspörf. Í sumum tilfellum mun þurfa að færa starfsemi út úr húsi, og er þá leitast við að finna tímabundnar staðsetningar sem næst leikskóla. Til að mynda eru framkvæmdir áætlaðar á byggingum Hagaborgar, Hólaborgar, Björtuhlíð-Hamraborgar og Ársólar, en mun fleiri leikskólar eru undir eftirliti og munu í náginni framtíð þarfnast aðgerða. Hafa verður í huga að þó að endurnýjunar- og viðhalds verkefni eigi ekki að hafa áhrif á átak í leikskólauppbyggingu, skapar ástand húsnæðis leikskóla ákveðna óvissu og áskoranir sem þarf að bregðast við.

Í töflunum sem hér fara á eftir er vísað í áætlaðan verklokátíma, þar sem táknid Q vísar í ársfjórðung, þar sem það á við.

Vesturbær

Endurheimt pláss	Fjölgun pláss	Ár
Grandaborg	75	Q4 2025
Færanlegar einingar á lóð	Fjölgun pláss	Ár
Grandaborg	32	Q1 2027
Vesturborg	32	Q1 2027
Nýbygging	Fjölgun pláss	Ár
Nýr leikskóli Félagsstofnunar stúdenta við Þorragötu	120	2027
Nýtt húsnæði leikskólans Ægisborgar	85	Q3 2029
Stækkun/Viðbygging	Fjölgun pláss	Ár
Sæborg	74	Q4 2027

Alls ný pláss 418



Miðborg


Nýbygging	Fjölgun pláss	Ár
Nýr leikskóli Hjallastefnu við Nauthólsveg	20	2027
Nýr Miðborgarleikskóli	140	Q3 2028
Alls ný pláss	160	



Hlíðar


Endurheimt pláss	Fjölgun pláss	Ár
Hlíð - Sóhlíð	78	Q3 2026
Stækkun/Viðbygging	Fjölgun pláss	Ár
Klambrar	30	Q3 2025

Alls ný pláss 108



Laugardalur


Nýbygging	Fjölgun pláss	Ár
Nýtt húsnæði leikskólans Laugasól	60	Q3 2027
Nýtt húsnæði leikskólans Sunnuás	80	Q1 2030
Vogabyggðarleikskóli	80	Q1 2030
Alls ný pláss	220	



Háaleiti og Bústaðir

Endurheimt pláss	Fjölgun pláss	Ár
Garðaborg	45	Q2 2025
Færanlegar einingar á lóð	Fjölgun pláss	Ár
Jörfi	20	Q4 2026
Nýbygging	Fjölgun pláss	Ár
Nýr leikskóli í Fossvogi	180	Q4 2026
Nýr leikskóli í Safamýri	180	Q4 2029
Stækkun/Viðbygging	Fjölgun pláss	Ár
Kvistaborg	31	Q1 2027
Múlaborg	65	Q4 2026


Alls ný pláss 521



Breiðholt

Endurheimt pláss	Fjölgun pláss	Ár
Hálsaskógur- Borg	56	Q4 2025
Færanlegar einingar á lóð	Fjölgun pláss	Ár
Hólaborg	32	Q1 2027
Seljaborg	20	Q2 2026
Nýbygging	Fjölgun pláss	Ár
Arnarbakki	100	Q4 2027
Völvufell	56	2028


Alls ný pláss 264



Árbær

Endurheimt pláss	Fjölgun pláss	Ár
Árborg	10	Q4 2026
Færanlegar einingar á lóð	Fjölgun pláss	Ár
Árborg	24	Q4 2026
Nýbygging	Fjölgun pláss	Ár
Nýr borgarrekin leikskóli við Rafstöðvarveg	120	Q2 2026


Alls ný pláss 154



Grafarvogur

Stækkun/Viðbygging	Fjölgun pláss	Ár
Hulduheimar	30	Q3 2026
Funaborg	60	Q1 2027
Klettaborg Hlaðhamrar	30	Q3 2025

Alls ný pláss 120



Grafarholt

Færanlegar einingar á lóð	Fjölgun pláss	Ár
Mariuborg	22	Q1 2027
Alls ný pláss		22





Alls 1.987 ný pláss næstu 5 árin:

